

## Frú Evelyn Stefansson Nef Minningarorð

Frú Evelyn Stefansson Nef er látin. Hún varð 96 ára en bar aldurinn afar vel þótt undir það síðasta hafi heilsunni heldur hrakað. Hún sagði mér einhvern tíma að uppskriftin að langlífi væri ósköp einföld: að huga að hollu mataræði, að hreyfa sig nóg og svo síðast en ekki síst, að hafa alltaf eitthvað að hlakka til. Annars væri til lítils að halda sér lifandi. Evelyn var fróð um heilsu og holla lifnaðarhætti, eins og svo margt annað, enda átti hún um árabíl sæti í stjórn stofnunar í heimalandi sínu, Bandaríkjunum, sem sinnir rannsóknum á þeim þáttum sem hafa áhrif á lífslengd fólks. Það er til marks um orku og athafnasemi Evelyn að hún styrkti og tók virkan þátt í fjölda stjórna, ráða og verkefna sem tengdust góðgerðarstarfsemi og eflingu lista, menningarlífs og vísindarannsókna.

Hún lét þannig víða að sér kveða og bar af fyrir sjarmerandi glæsileika og skarpar gáfur, sem voru ekki til skrauts því hún var gagnrýnin í hugsun og þannig ekkert lamb að leika við of svo bar undir. Ég býst við að þessir þættir, ásamt með því hversu falleg og skemmtileg konan var, hafi höfðað til Vilhjálms Stefánssonar þegar hann ákvað að fara á fjörunar við Evelyn. Hann var sjálfur þekktur fyrir að vera hrókur alls fagnaðar og gefinn fyrir kjarngóðar samræður.

Í hugum margra Íslendinga var Evelyn kannski aðallega eiginkona Vilhjálms Stefánssonar, mannfræðings og landkönnuðar (1879-1962). Þau kynntust í New York og gengu í hjónaband árið 1941, hún þá 27 ára en hann að verða 62. Það þætti talsverður aldursmunur í dag og þótti reyndar þá, en Vilhjálmur var vel á sig kominn og kraftmikill karl, enda talaði Evelyn gjarnan opinskátt og ófeimin um að þrátt fyrir aldursmun hafi hann verið besti elskhugi sem hún hafi kynnst. Þau áttu saman spennandi og hamingjusöm ár, jafnt í einkalífi sem starfi. Undir leiðsögn Vilhjálms varð Evelyn fljótlega dugandi alþýðufræðari um norðurslóðir og gaf út vinsælar bækur, þar á meðal metsölubókina *Here is Alaska* sem kom út árið 1943.

Evelyn var vinur og velgjörðarmaður Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og samskipti okkar á stofnuninni við hana hafa verið tíð og góð allt frá því Evelyn kom til Íslands til að vera viðstödd formlega opnun stofnunarinnar í september 1998. Síðast höfðum við samband við hana í byrjun nóvember 2009 þegar við minntumst 130 ára fæðingarafmælis Vilhjálms Stefánssonar, en hann var fæddur 3. nóvember 1879. Við sendum henni blóm og fengum hlýjar þakkir fyrir og hvatningarorð. Við munum sakna hennar og ég veit að það sama á við um þá mörgu Íslendinga sem áttu þess kost að kynnst Evelyn, hvort sem það var í heimsóknum hennar til Íslands eða í heimalandi hennar þar sem margir nutu gestrisni Evelyn. Hvíli hún í friði.

Í desember 2009

Níels Einarsson